

Starfsskýrsla Umf. Dögun
Starfsárið 2024



Starf ungmennafélagsins Dögunar var með hefðbundnum hætti síðasta ár, fremur rólegt en þrátt fyrir söluferli á samkomuhúsinu var töluverð sjálfboðavinna og félagsstarf þar og svo auðvitað þorralótið okkar.

Aðalfundur Dögunar var haldinn 15. mars 2025. Þar var m.a. samþykkt tillaga þess efnis að aðkoma ungmennafélagsins Dögunar að skipulögðu íþróttastarfi verði aflögð, félagið óski eftir að hætta árlegri skráningu á starfsskýrslu í Abler félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ og afsali sér þar með lottótekjum sem og öðrum skyldum er heyra undir starfsemi UDN. Ástæða þessa er að nú sér íþróttafélagið Undri um íþróttastarf fyrir öll börn í Dalabyggð. Sömuleiðis hafa ÍSÍ og UMFÍ breytt úthlutunarreglum varðandi lottógreiðslur þannig að eingöngu er horft til íbúa 18 ára og yngri á sambandssvæðinu, þannig að lottógreiðslur til UDN skerðast ekkert þótt Dögun gangi úr UDN.

Stjórn Dögunar skipa: Hrefna S. Ingibergsdóttir formaður, Þuríður J. Sigurðardóttir ritari, Sigrún B. Halldórsdóttir gjaldkeri. Varastjórn: Þorgrímur E. Guðbjartsson, Steinunn H. Halldórsdóttir og Júlíus Baldursson. Skoðunarmaður er Rúnar Jónasson og til vara Friðjón Guðmundsson.

Íslandi allt!

Hrefna S. Ingibergsdóttir
Formaður